



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins um verkefnið Kveikjum neistann

Á fundi skóla- og frístundaráðs 24. maí 2022 lagði skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Flokkur fólksins leggur til að skóla- og frístundasvið horfi af alvöru á verkefnið Kveikjum neistann með það að markmiði að innleiða það. Þetta verkefni er að sýna góðan árangur þó ungt sé. Kjarninn er sá í Kveikjum neistann að lagt er upp með í 1. bekk að leggja áherslu á bókstafi og hljóð. Kennt er eftir hljóðaaðferðinni. Inn á milli að staldrað við til að fullvissa um að helst allir nemendur eru búnir að ná öllum bókstöfum og hljóðum. Í upphafi vetrar er lögð fyrir bókstafa- og hljóðakönnun til að sjá hvaða bókstafi og hljóð nemendur kunna við upphaf skólagöngu. Aftur er gerð könnun í janúar og loks í maí á fyrsta skólaárinu. Árangur er teiknaður upp með myndrænum hætti þar sem litir eru notaðir til að merkja þá bókstafi og hljóð sem börnin þekkja. Mörg börn eru farin að lesa orð á þessum tíma og stuttar setningar. Það eru mörg stolt börnin sem fara út í sumarið eftir að hafa stundað nám með árangri sem þessum. Miðja máls og læsis er að gera frábæra hluti en þarna er verkefni sem vert er að horfa til því það er alltaf hægt að gera betur.

Greinargerð fylgdi.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Margir áherslupættir verkefnisins Kveikjum neistann eru sambærilegir við þá sem flestir grunnskólar borgarinnar leggja áherslu á í yngstu bekkjum grunnskólans, s.s. tengsl hljóða og stafa, leiðsagnarnám, að gefa nemendum val um verkefni o.fl. Benda má á að Miðja máls og læsis (MML-<https://mml.reykjavik.is/>) á vegum skóla- og frístundasviðs hefur veitt kennurum í borginni fræðslu, öflugan stuðning og eftirfylgni varðandi kennslu í læsi, ekki hvað síst þeim kennurum sem sinna nemendum af erlendum uppruna.

Ekki er mælt með því að taka upp verkefnið Kveikjum neistann í grunnskólum Reykjavíkurborgar að svo stöddu. Kveikjum neistann hefur verið í gangi í einum grunnskóla á landinu í rúmt ár og því lítil reynsla komin á það. Ekki var tekin grunnstaða áður en að verkefnið hófst og rannsóknir á verkefninu á byrjunarstigi. Ástæða er til að fylgjast með framvindu verkefnisins og mögulegum árangri af þeim áherslupáttum sem lagðir eru til grundvallar til að meta hvort og þá hvaða þætti megi efla frekar í grunnskólum borgarinnar.

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 26. apríl 2022, var tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um þróunar- og rannsóknarverkefni í grunnskólum til að efla lestur og bæta líðan með áherslu á drengi vísað til meðferðar Miðju máls og læsis í tengslum við útfærslu á almennum aðgerðum menntastefnu. Þá var lagt fram ítarlegt minnisblað um stöðuna hjá



Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg varðandi læsi og hvaða verkefni eru í gangi og hvað hefur áunnist á síðustu árum. Minnisblaðið er hér meðfylgjandi.

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 22. mars 2022, var lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins varðandi verkefnið Kveikjum neistann. Svarið er hér meðfylgjandi.